

---

## Breyting á gjaldskrá nr. 1358/2011 fyrir kattahald í Hveragerðisbæ.

---

1. gr.

1. grein orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 4.800,- sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 4.200,- sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 8. desember 2016 með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007.

  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Bæjarstjóri.

